

**MEÐAL  
EFNIS:**

**RADÍUS-  
BRÆÐUR**

**HÚLLUMHÆ**


**STEINUNN  
ÓLÍNA**

**RAUÐAKROSS-  
HÚSIÐ**

**JÓLAFÖNDUR**

**SELFOSSFERÐ**

**GARNAGAUL**



16758190  
372.05 Púl 1994;1 (1)

Púlsinn :

Grundaskóli

**Bókasafn  
Grundaskóla**

372.05  
Púl  
1994;1 (1)



SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA - DESEMBER 1994 -1.TBL. 1. ÁRG.

## KVEÐJA FRÁ NEMENDARÁÐI


Um leið og við óskum lesendum Púlsins til hamingju með skólablaðið langar okkur að segja frá starfsemi nemendaráðs það sem af er þessu skólaári.

Við byrjuðum starfsárið með því að halda hinn árlega „Húllumhædag“ en hann höfum við haldið til að bjóða 8. bekkina velkomna út í B-álmum og til að sporna við svo kallaðri „busun“. Þessi dagur hefur ávallt verið mjög skrautleg-ur og komið vel út.

Við höfum reynt að hafa afþreyinguna á opnum húsum sem fjölbreyttasta t.d. fengið „trúbadora“, haldið skrautskriftarnám-skeið, stimplagerð, keppni í sjómanni o.fl. Þá höfum við haldið skemmtikvöld þar sem spilað var bingó og flutt margs konar skemmtiatriði og viljum við nota tækifærið og þakka þeim verslunum sem styrktu okkur, kærlega fyrir stuðninginn.

Útgáfa og sala á nemendaskírteinum fór fram úr björtustu vonum en seld voru um 125 nemenda-skírteini. Til sam- burðar voru að-eins seld 50-60 skírteini fyrir 3-4 árum.

Að lokum viljum við minna alla nemendur 8.-10. bekkja á að þeir geti tekið þátt í að skapa félagslífið með því að koma hugmyndum á framfæri við fulltrúa nemendaráðs. Allar hugmyndir eru vel þegnar.



Með nemendaráði starfar alltaf einn kennari og nú í ár er það Elín María Thayer (Maríella), sem hefur yfirumsjón með starfinu.

Eftirtaldir skipa stjórn nemendaráðs Grundaskóla skólaárið 1994-1995:

Karen Lind Ólafsdóttir, formaður  
Guðrún Lind Gísladóttir, gjaldkeri  
Margrét Huld Hallsdóttir, varaform.  
Kristín Sævarsdóttir, ritari  
Hjördís Grímarsdóttir, vararitari  
Meðstjórnendur:

Helgi Ibsen Heiðarsson, Sveinbjörn Hlöðversson, Ragnheiður Helgadóttir, Svandís Halldórsdóttir og Heiðrún Þráinsdóttir.

## NÁMSMANNALÍNA BÚNAÐARBANKANS

**SVARAR  
KRÖFUM  
NÁMSMANNNA**



**BÚNAÐARBANKINN**

- Traustur banki

NÁMS-  
MANNNA  
LÍNAN

HVITA HUSID / SÍA

## ÁVARP SKÓLASTJÓRA

Góðir lesendur!



Gott andrúmsloft, jákvæð samskipti á milli þeirra sem í skólanum starfa, bæði starfsfólks

og nemenda, er for-senda þess að skólastarfið skili árangri. Ýmis sameiginleg verkefni og alls kyns dagskrá utan hins hefðbundna skólastarfs geta skipt sköpum um hvernig til tekst. Þess vegna er lögð rík áhersla á félagsstarf og til þess ætlast að kennarar starfi með nemendum sínum að alls kyns verkefnum utan skólastofunnar. Eitt þessara verkefna er útgáfa skólablaðs.

Á undanförunum árum hafa komið út nokkur slík blöð, undir ýmsum heitum og hefur verið mjög misvel til þeirra vandað. Með þessu blaði er ætlunin að festa í sessi útgáfu skólablaðs, sem komi út árlega á haustönn. Blaðið er sameiginlegt verkefni nemenda og kennara en efnisöflun og stjórn útgáfu er í höndum 10. bekkina, sem jafnframt fá ágóðann af sölu blaðsins ef einhver verður.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að gefa út skólablað. Blaðaútgáfa þjálfar nemendur með margvíslegum hætti í notkun ís- lensks máls, tölvunotkun, fjármálum og tækni bladaútgáfu svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt er skólablað kærkomið tækifæri til að gefa mynd af skólastarfi hvers tíma. Það er því einlæg ósk mín að okkur takist að festa í sessi útgáfu vandaðs skólablaðs sem verði nemendum og starfsfólki skólans til sóma.

Guðbjartur Hannesson.

## Spurning blaðsins: Ertu gildingur?



Guðrún Lind 10-F.E.

- Nei, vegna þess að ég er ekki með nógu hátt enni.



Sindri 9-L.J.

- Nei, vegna þess að ég hef ekki lent á stönginni á hjólinu mínu.



Benni 10-F.E.

- Já, vegna þess hvað ég er öflugur.



Eiríkur 10-R.E.

- Já, ég er í lyftingum og á sterum.



Katla 9-S.


- Ekki svo ég viti, af því að ég er með svo stutt hár.

GILDINGUR=HERTUR ÞORSKHAUS

# Kær kveðja frá ritnefnd



Andri  
Latur, latari, latastur (Nenni ekki að drífa mig)



Ásgeir  
Ósjálfstæður, ósjálfstæðari, ósjálfstæðastur (að okkar mati)



Hannibal  
Þögull, þöglari, þöglatur eða var það þögull? (og þegiðu svo)

Kæri lesandi!

Púlsinn, blað Grundaskóla, sér nú dagsins ljós. Það er von okkar að efni blaðsins verði ykkur til gleði og ánægju og ekki síst til skemmtunar og fróðleiks.

Ritnefndin hefur lagt mikið á sig til að gera efnið sem fjölbreyttast svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Við teljum að vel hafi tekist til en endanlegur dómur verður ykkar, lesendur góðir.

Meðal efnis eru tvö viðtöl við landsþekkta Íslendinga, frásögn af fundi um samtökin Heimili og skóla, sagt frá starfsemi í húsi Rauða krossins í Reykjavík, auk efnis frá skólastarfinu í máli og myndum.. Við viljum þakka Bigga og Sigga aðstoðina og kennurum okkar fyrir að leyfa okkur að skreppa frá tíma og tíma til að sinna efnisöflun.

Góða skemmtun!



Heiðrún  
Snjöll, snjallari, snjöllust (að hennar eigin mati)



Maren  
Fer í fríð, er í orlofi (ritstjórinn)



Sæmundur  
Finn þetta, geri þetta og klára þetta á morgun (fyrir aldamótin 2000)

Miðvikudaginn 21. september síðastliðinn var haldinn svo kallaður Húllumhædagur en þá er keppt í óhefðbundnum íþróttagreinum, svo sem limbó, trampolín troðslukeppni, sippukeppni, þríþraut, bekkjarkeppni í boðhlaupi og trambolínhástökki. Dagurinn hefur verið árlegur viðburður í skólalífinu og hefur ætlunin með honum verið að breyta aðeins til og efla andann.

Sigurvegarar í íþróttagreinunum voru efirfarandi:

## Húllumhædagurinn

Limbó-Sigurlaug 10-RE.  
Trambolín troðslukeppni- litlar körfur : Ásgeir 9-SK.  
Trambolín troðslukeppni- stórar körfur : Sveinbjörn 10-RE.  
Sippukeppni: Heiðrún 10-FE.  
Þríþraut: Arna M. 9-SK.  
Bekkjjarkeppni, boðhlaup: 9-SK.  
Trambolínhástökk: Guðmundur Óskar 10-RE.

Haldin var teiknisamkeppni um forsíðumynd á símaskrá Grundaskóla 1994-1995 og í þeirri keppni sigraði Valdís S. 10-FE.

Svo fór fram hin hefðbundna keppni þessa dags, keppni milli kennara og nemenda og var keppt í knattspyrnu. Liðin voru þannig skipuð:  
Lið nemenda: Andri L. 10-SA, Reynir 10-FE, Sveinbjörn 10-RE, Ármann 9-LJ, Valur 9-SK, Finnþogi 9-S, Eimar Geir 8-RÁ og Atli 8-GS.  
Lið kennara: Guðmundur, Leó, Sigtryggur, Kiddi R., Flosi og Sigurður Arnar.  
Og fór leikurinn 2-1 fyrir nemendur og skoruðu þessir leikmenn: Sveinbjörn og Andri L.-Sigurður Arnar.



# ÚR GESTABÓK

Í gestabók einni í sumarbústaði í Húsafelli fannst eftirfarandi texti skrifaður af krökkum úr Reykjavík. Okkur fannst hann vera þess virði að birta hann í blaðinu.

Þetta er búin að vera ýkt slík helgi, við köstuðum þessu slíka teiti. Afi fór á kostum með líkkistunagla í kjaftinum. Þetta var alveg gígatískt. Við stökuðum nokkra Borgfirðinga og böggðuðum sveitungana í nágreninu. Þetta var eins og að throwa nokkrum softurum í pósbreikið fyrir utan gíginn og skokka á staur í sýru. Pabbi var svo illa sýrður að það var ekki fyndið. Mamma dró kallinn í göngutúr alla daga, annars stóð settið undir sínu. Við rákumst á nokkra plískara á þjóðveginum. Síðan var vinnuhópur hér að núka veginn og sprengja hann í tætlur, þeir kalla þetta að laga hann yeah sure! Ég og systir mín fengum góða ídýfu og skelltum okkur í Borgarnes og vel þess virði því kókið er möst. Síðan er möst að hafa orðið pósa hér fyrir fullorðna fólkið. Jæja við ætlum að splitta í kvöld, við erum alveg að beila á þessu og börstum fljótlega.

Orðskýringar:

Ýkt slíkt= rosalegt.

Kasta teiti= halda partý.

Líkkistunaglar= sígarettur.

Gígatískt= meira en rosalegt.

Stöka og böggja= trufla, stríða og allt

sem tengist því að angra einhvern.

Throwa nokkrum softurum í pósbreikið fyrir utan gíginn og skokka á staur í sýru=

merkinnarleysa, sennilega pósitíf.

Ills sýrður= svo skrítinn að það er svalt.

Settið= foreldrar.

Plískarar, plíffarar= löggur.

Núka= sprengja, dregið af kjarnorkusprengju á ensku.

Yeah sure= auðvitað, eða þannig sko.

Ídýfa= hugmynd.

Möst= nauðsyn, nauðsynjavara.

Splitta, beila og börsta= fara.


Pósa=böggja og stöka.

Steikt= sýrt (sambærileg merking).

Steypa og malbika= bulla en steypa hefur reyndar víðtækari merkingu.



# SNILLINGSSPURNINGAR



Nafn: Guðmundur Óskar Ragnarsson.

Fd. og ár: 22. janúar 1979

Stjörnumerki: Vatnsberinn.

Bekkur: 10-R.E.

Maki: Þeir komast ekki allir fyrir í blaðinu.

Áhugamál: Fótbolti og vélhjól.

Uppáhalds skemmtistaður? Grundaskóli.

Besti matur? Súrsaðir hrútsþungar að hætti mömmu.

Kostir? Ég hef þann kost fram yfir alla aðra stráka hversu myndarlegur ég er.

Gallar? Það hlýtur að vera eitthvað sem er að, því að kvenfólkið vill ekki, a.m.k. ekki í augnablikinu, líta við mér.

Hver er staða þín í þjóðfélaginu? Hún er akkurat engin.

Farartæki? Reiðhjól (Mongoose).

Ferðu í „Villta Vestrið“ (miðbær). Já, ég hef gert það frá blautu barnsbeini.

Skemmtilegasta námsefnið, af hverju?

Stærðfræði. Því ég get ekki neitt í neinu öðru.

Lýstu sjálfum þér í 3 orðum. Ég er snillingur.


Fyndnasta atvik á ævinni? Þegar ég kom á skellinöðrunni minni inn göngustíginn sem liggur að Einigrundinni, sá ég Heiðrúnu Lind sem þá var búin að koma auga á mig. Hún varð svo hrædd að hún hljóp eins og hún ætti lífið að leysa.

Hvernig finnst þér nemendaráð standa sig? Vel.

Ertu það sem allar stelpur dreymir um?

Auðvitað, ég er svo ómótstæðilegur.

Viltu segja eitthvað að lokum? Já, ég vil enn og aftur minna á símann heima hjá mér fyrir þær stelpur sem vilja ná í mig, hafa vitað númerið en eru búnar að gleyma því. Síminn er 12883.



Nafn? Hrönn Sigvaldadóttir.

Fd. og ár? 21. september 1979.

Stjörnumerki? Meyjan.

Bekkur? 10-R.E.

Maki? Enginn fórnarlömb eins og er.

Áhugamál? Mæta í gangbrautavörslu, ekki bókfærsla.

Uppáhalds skemmtistaður? Í faðmi fjölskyldunnar, það er alveg yndislegt.

Besti matur? Svínakjöt og 67 pizza.

Kostir? Ég er róleg að eðlisfari og mjög yfirveguð.

Gallar? Engir, því ég er svo bjartsýn, nema ég er kannski með dálítinn kvíða fyrir samræmdu prófunum, en ekkert meira en aðrir.

Hver er staða þín í þjóðfélaginu? Ég er nemi.

Faratæki? Ég geng og Garðar besti bróðir minn skutlar mér.

Ferðu í „Villta Vestrið“ (miðbær)? Já, já daglega.

Skemmtilegasta námsefnið? Frímínútur.

Lýstu sjálfri þér í þrem orðum? Góð, betri, best.

Fyndnasta atvik á ævinni? Ég í einu og öllu.

Hvernig finnst þér nemendaráðið standa sig? Allt í lagi.

Af hverju ertu svona upptrekt týpa? Ég hata skóla, ég hata sögu og ég hata stærðfræði.

Viltu segja eitthvað að lokum? Ó guð, ég þoli ekki svona spurningar.

Hrönn gekk út, kom svo aftur og sagðist ekki kaupa blaðið ef við breyttum einhverju (-1 blað). Og við þökkum Hrönn og Óskari fyrir jákvætt og ánægjulegt spjall.

# RAUÐAKROSSHÚSIÐ

**Mánudaginn 24. október lögðum við nokkur ungmenni leið okkar til Reykjavíkur og var ferðinni heitið í Rauðakrosshúsið. Ætlunin var sú að fá víðari yfirsýn yfir starfsemi hússins og reyna að upplýsa lesendur um hana.**

**Á móti okkur tók Ólöf Helga Þór. Hún lét okkur fá bæklinga og ársskýrslu fyrir árið 1993. Síðan sagði hún okkur frá starfseminni.**

Líta ekkert öðruvísi út en aðrir unglingar, það er enginn munur á því nema kannski aldurinn (þau eru yfirleitt eldri en grunnskólanemendur). Samskiptaörðugleikarnir eru oft búnir að vara lengi svo gerist eitthvað þannig að verða miklir árekstrar og unglingurinn getur ekki meir og kemur hingað. Það fær enginn unglingur undir 16 ára aldri að vera hérna án samþykkis foreldra og þá eru oft orðnir það miklir erfiðleikar á heimilinu að báðir aðilar eru sammála um að unglingurinn hvílíst aðeins. Þau sem eru eldri þ.e. 16-18 ára koma vegna eigin áfengis- og vímuefnaneyslu, húsnæðisleysis, atvinnuleysis og þá eru komnir meiri örðugleikar en bara vegna samskipta. Við eigum bíl MMC L300 og þeir sem eru hér eiga möguleika á því að fara í bíó, þá með starfsmanni og í bíltúr um helgar til



hafa aðstöðu til að leysa úr vandræðum á meðan þau eru hérna, þrifa af sér, tala í síma, horfa á sjónvarp, en um það eru sérstakar reglur. Þetta á fyrst og fremst að líta út eins og hvert annað heimili. Þetta er ekki meðferðarheimili heldur svo kölluð fyrsta hjálp sem unglingur getur fengið þegar hann vill gera eitthvað í sínum málum. Í Rauðakrosshúsinu starfa sjö starfsmenn. Fimm þeirra eru á

vöktum og tveir á daginn. Ég er forstöðumaður og hinir kynningarfulltrúar. Aðal ástæðan fyrir því að unglingar koma er vegna samskiptaerfiðleika við foreldra og forráðamenn eða vegna heimilisaðstæðna. Þetta eru ósköp venjulegir krakkar og

„Rauðakrosshúsið er að verða 9 ára gamalt. Það hóf starfsemi sína í desember árið 1985 og var upphaflega hugsað sem athvarf fyrir unga vímuefnaneytendur. Fljótlega kom í ljós að það voru fleiri en vímuefnaneytendur sem þurftu að nota þjónustuna, þannig að húsið er í dag fyrir unglinga 18 ára og yngri. Starfsemin er alfarið rekin af Rauðakrossi Íslands en Reykjavíkurborg á húsið og leigir okkur það fyrir lítinn pening. Við berum ábyrgð á öllu viðhaldi. Það er þrjúþætt starfsemi í Rauðakrosshúsinu, athvarf, ráðgjöf og símaþjónusta og ætla ég að segja ykkur svolítið frá þessari starfsemi.

#### Athvarf:


„Rauði Krossinn fær um 950 gestakomur á ári. Við köllum unglinga sem koma hingað gesti en ekki skjólstaðinga eða sjúklinga. Rauðakrosshúsið er ekki notað sem félagsmiðstöð fyrir krakka sem hafa ekkert annað að gera á daginn. Neyðarathvarfið er opið allan sólarhringinn alla daga ársins, líka um jól og páska. Það eru fimm herbergi uppi með sjö rúmum. Þar geta því dvalið sjö gestir í einu. Þau fá að borða og

„Það getur enginn skikkað krakka til að vera hér“

inu. Þau dvelja ekki í Rauðakrosshúsinu í það langan tíma, en á meðan þau eru hér eru þau undir miklu álagi því það tekur á, að líða illa og að vera að gera eitthvað í sínum málum. En þó þau megi ekki vera lengi úti geta þau fengið til sín góða vini í heimsókn. Óneitanlega held ég að þau stoppi hér styttra út af þessum stranga ramma, þau mega ekki reykja og vera lengi úti, meðferð vímuefna er stranglega bönnuð en yfirleitt líður krökkunum mjög vel.

#### Ráðgjöf:

Fjórðungur þeirra sem fá ráðgjöf koma oftast en einu sinni. Í fyrra voru það 83 einstaklingar sem komu í 132 skipti. Það eru 20-25 sem koma oftast en einu sinni. Krakkarnir koma sjálfviljugir, það getur enginn skikkað krakka til að vera hér. Við styðjum þau í því sem þau eru að gera. Ef þau vilja fara í áfengis meðferð eða meðferð vegna misnotkunar á vímuefnum geta þau verið hér þangað til þau fá aðgang að meðferðarheimili, en það getur tekið 10 daga til 1/2 mánuð. Það er unglingurinn sem ræður ferðinni og við vinnum eftir grundvallarmarkmiðum Rauða Kross hreyfingarinnar sem er hlutleysi og jafnrétti og það sem skiptir kannski mestu máli er mannúðin, að fordæma ekki þannig að þó að unglingur hafi gerst brotlegur við lög þá er ekki þar með sagt að við úthýsum honum héðan. Krakkar geta líka komið til að spjalla, segja okkur hvar þau eru stödd, hvað þau gera og svo verða þau oft vinir okkar og



geta tengst okkur í mörg, mörg ár. Síðan koma þau á gleðistundum, þegar þau eru að eiga barn, gifta sig og gleðjast saman yfir einhverjum prófum. Stundum fá þau að þvo, stundum að hringja og jafnvel að borða ef þau eru illa haldin. Svo koma þau líka stundum um jólin og páskana. Ráðgjöfin er mikið notuð þ.e. þegar það koma upp einhverjir örðugleikar sem eru utan skrifstofutíma á kvöldin og á morgnana vegna þess að þetta kostar ekki neitt. Fullum trúnaði er heitið.

#### Símaþjónusta:

Símaþjónustan er fyrir börn og unglinga og aðstandendur þeirra. Hún er opin allan sólarhringinn og þar er nafnleynd þ.e. það þarf ekki að segja til nafns og ekki hvaðan hringt er, en oft þurftum við að fá að vita hvort viðkomandi sé á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landi og þá hvort hann er langt í burtu. Við erum með grænt númer fyrir þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins þannig að það er jafn dýrt og innanbæjarsímtöl. Það eru að meðaltali 5000 símtöl á ári. Algengustu


símtölin eru samskiptasímtöl en það þarf ekki að vera neitt voða mikið að, oft eru þetta vangaveltur um hvað á að gera. Stundum eru þetta símtöl um einmanakennd, krakkar sem eiga engan vin í skólanum eða í umhverfinu. Það geta verið vangaveltur um kynferðismál. Sum símtöl fjalla um ofbeldi, áhyggjur út af öðrum, vinum sem eru komin út í neyslu vímuefna, foreldrum sem neyta daglega áfengis í miklu magni. Svo eru símtöl um mikla vanlíðan, einstaklingurinn hefur orðið fyrir einhverju, líður þannig illa og grætur.

Alvarlegustu sím tölín eru þau sem fólk sér enga aðra leið en að stytta sitt eigið líf. Þeir sem hringja eru á öllum aldri en mest 20 ára og yngri en á kvöldin og nóttinni hringir líka fullorðið fólk sem á í erfiðleikum.

Allir sem vinna í Rauðakrosshúsinu eru með minnst 3ja ára háskólamenntun og reynslu, aðallega af því að vinna með unglingum. Þetta er fyrst og fremst unglingastarf,“ segir Ólöf Helga.

Og við kveðjum kát í bragði.

# SKAGINN 12 - SELFOSS 4




Þann 26. okt. 1994 fór fram íþróttakeppni á Selfossi milli grunnskólanna á Akranesi og grunnskólans á Selfossi.

Kept var í fjórum greinum: fótbolta, handbolta, blaki og körfubolta, bæði hjá stelpum og strákuum.

Í keppninni voru alls 16 stig í pottinum og 2 gáfust fyrir hvern sigur.

Stelpurnar unnu alla sína leiki með yfirburðum en strákarnir unnu blakið og körfuboltann. Samtals unnu Skagamenn með 12 stigum gegn 4 stigum Selfoss. Eftir mikla keppni buðu Selfyssingar Skagamönnum í hangikjöt kartöflur og jafning.

Eftir matinn fóru allir niður í félagsmiðstöð Selfyssinga og eftir nokkur skemmtiatriði þar fórum við heim.



# MJÓLK ER GÓÐ!

*Mjólkursamlag Borgfirðinga  
Borgarnesi*

*Þú færð  
jólagjöfina  
handa þínum  
há  
okkur*

ÚRA- OG SKARTGRIPAVERSLUN

*Guðmundur B. Hannah  
Suðurgötu 65 - Sími 11458*

PRENTERK **frá A til Ö**

Við leggjum metnað okkar í vönduð vinnubrögð. Skiptir þá ekki máli hvort verkið er stórt eða smátt. Í okkar augum eru litlu verkini ekki stóru mikilveg. Ef þig vantar nafnsþíðil, reikninga, eyðublað eða litljósrit úr Agla litljósritunarevélinni okkar frá Heimilisteikjum, þá átt þú leið til okkar. Ef þú þarft að láta prenta skólablað, tímarit, ársskýrslu eða jafnvel heila bók, þá átt þú líka leið til okkar.

Við sinnum þörfum þínum, jafnt stórum sem smáum, frá A til Ö

**PRENTERK AKRANESS hf.**  
Héðargötu 22 - 300 Akranes - Sími 93-11127 - Fax 93-11804

Agla

Prentun  
Skómmun  
Ljósritun  
Gormun  
Plöstudun  
Hefting  
Pappír

ER BÍLLINN AÐ  
„BURRA“  
SITT SÍÐASTA?


KOMDU MEÐ HANN  
TIL OKKAR

ALMENNAR  
BÍLAVIÐGERÐIR -  
RÉTTINGAR - SPRAUTUN -  
BÍLAPARTASALA

Bíla- og vélaverkstæði  
Björgvins Eypórssonar  
Ægisbraut 11 - S: 11224

# JÓLABER

Snið af jólaberi  
þrjár stærðir



Efnispörf:

Bút af grænu efni (e.t.v. munstruðu).


Bút af rauðu efni.

Vatt.


35 cm af borða.

1. Sniðið 2 lauf úr grænu efni(4 stk).
2. Sniðið 2 lauf úr vatti
3. Sniðið 3 hringi úr rauðu efni.

4. Saumið lafin saman, leggið réttu á móti réttu og hafið vattið undir. (Sjá mynd 1).
5. Snúið lafunum við og varpið opin saman.
6. Pressið lafin og saumið saum eftir miðjunni.



Mynd 1




7. Saumið rykkingarspor í brúnirnar á hringunum.
8. Setjið tróð inn í hringina og dragið saman. Bindið hnút. (Sjá mynd 2).

Mynd 2

9. Klippið 5-6 sm bút af borðanum til að hafa í lykkju. Búið til slaufu úr afganginum af borðanum og saumið lykkjuna á.

10. Festið lafin saman.

11. Saumið slaufuna og berin á lafin.



Þetta skraut má t.d. nota sem borðskraut. Einnig til að hengja á hurð, á jólatré eða í gluggatjöld og síðan mætti setja þetta á jólapakka.

Gangi ykkur vel.

Eygló

# FALLEGAR OG NYTSAMLEGAR JÓLAGJAFIR



rafþjónusta  
sigurdórs

SKAGABRAUT 6 - 300 AKRANES  
SÍMI 93-11902 & 93-12156


# ÞÚ FÆRÐ ALLAR MATVÖRUR TIL JÓLANNA



VERSLUNIN  
EINAR ÓLAFSSON  
SKAGABRAUT 9-11 S: 12015

Framköllun  
Rammásala  
Plaggöt - Grínvörur  
Innrömmun - Gallerí  
Góð Verk sf.

Skólabraut 2-4  
300 Akranes  
Sími 93-12497



## Hárhús Köttlu

Suðurgötu 85 - sími 93-13320

ÓSKUM EFTIR  
ÖLLUM STÆRÐUM  
OG GERÐUM AF  
HAUSUM TIL  
MEÐFERÐAR



Katla, Svava, Sossa  
og Stefa

# 20 MANNGERÐIR

sem þú hittir á karlklósettinu

### SKAPBRÁÐUR

Hefur farið í nærbuxurnar öfugar, finnur ekki klaufina - rífur buxurnar.

### FÉLAGSLYNDUR

Pissar með vinum sínum, jafnvel þótt honum sé ekki mál.

### RANGEYGÐUR

Horfir til hinnar skálarinnar til að sjá hvernig hinn náunginn er útbúinn.

### HLÉDRÆGUR

Getur ekki ef annar horfir á - skolar niður og kemur aftur seinna.

### KÆRULAUS

Allar skálarnar uppteknar - pissar í vaskinn.

### SNÍÐUGUR

Heldur ekkert, lagar bindið, horfir í kringum sig - pissar venjulega á gólfíð.

### ÁHYGGJUFULLUR

Er ekki viss um hvar hann hefur verið undanfarið - gerir skyndikönnun.

### MONTINN

Beinir bununni á móti straumnum, þvers og kruss um skálina, reynir að hitta flugu.

### UTAN VIÐ SIG

Hneppir frá vestinu, tekur bindið út - pissar í buxurnar.

### BARNALEGUR

Bunar beint í botn á skálinni, finnst gaman að sjá freyða.

### LAUMULEGUR

Prumpar hljóðlega á meðan hann pissar, lítur sakleysislega út veit að náunganum við næstu skál verður kennt um.

### ÞOLINMÓÐUR

Stendur kyrr og bíður - les með lausu hendinni.

### BRÁÐLÁTUR

Bíður í langri röð, gnístir tönnum - pissar í buxurnar.

### KALDUR KARL

Slær tólinu í skálarbarmana til að hrista af því.

### HAGSÝNN

Bíður þar til hann þarf að gera meira - sameinar hvoru tveggja.

### FEITUR

Bakkar frá skálinni - bunar í blindni - hittir skóinn.

### LÍTILL

Stendur á kassa - dettur í skálina og drukknar.

### FULLUR

Tekur vinstri þumalfingur í hægri hendi - pissar í buxurnar.

### ÓÞOLINMÓÐUR


Stendur augnablik - gefst upp - gengur burt.

Bæjar- og héraðsbókasafnið  
Akranesi

## ÞÚ FÆRÐ ÞAÐ Á BÓKASAFNINU

TÍMARIT \* BÆKUR \* DAGBLÖÐ \* MYNDBÖND  
HLJÓÐSNÆLDUR \* FRÆÐSLA \* SKEMMTUN \*  
AFÞREYING

Almenningsbókasöfn  
... góður kostur



# „ÞAÐ ER EKKI FYNDIÐ AÐ VERA GEÐGÓÐUR“

## VIÐTAL VIÐ „RADÍUS-BRÆÐUR“

Þann 24. október síðast liðinn fórum við félagarnir til Reykjavíkur til viðtals við þá RADÍUSBRÆÐUR, Stein Ármann Magnússon og Davíð Þór Jónsson. Viðtalið átti að hefjast kl.9.00 þannig að við þurftum að drífa okkur heim til Davíðs Þórs. Við vissum nokkurn veginn hvar hann átti heima þannig að það auðveldaði málið fyrir okkur. Eftir mikil hlaup úr Akraborginni komum við loksins að litlu bláu húsi á Lindargötunni. Við stoppuðum fyrir utan húsið ekki alveg vissir hvort þetta væri rétti staðurinn. Við komumst fljótlega að því að svo var, því að þegar við löbnuðum á bak við húsið og upp tröppur sem lágu að útidyrum hússins, sáum við í gegnum eldhúsgluggann engan annan en Stein Ármann sitja og sötra kaffi, greinilega nývaknaður. Davíð kom til dyra og bauð okkur í bæinn og lá leið okkar inn í stofu, þar sem við settumst niður ásamt þeim Steini og Davíð. Þegar við vorum sestir þá spurði Steinn okkur hvort þetta yrði einhvers konar „Hver er uppáhalds maturinn ykkar“ viðtal, og við svoruðum að sjálsögðu neitandi.

Viðtalið hófst á þessari venju-  
legu spurningu:

*Fullt nafn/fæðingardagur og ár?*  
Stein Ármann Magnússon fæddur þann 28. október 1964.  
Davíð Þór Jónsson fæddur þann 5. janúar 1965.


*Makar og aðrir fjölskylduhagir?*  
Steinn Ármann er giftur og heitir konan hans Jenný og eiga þau saman tvö börn en Davíð Þór er fráskilinn og á þrjú börn.

*Hvenær hófst leiklistarferill ykkar saman?*

Ferill þeirra félaga hófst á því að þeir byrjuðu að gera 8 mm myndir í 10.bekk í Víðistaðaskóla.

*Hvenær byrjuðu þið með „Radíus“dæmið?*

Radíusdæmið byrjaði fyrir rétt rúmum tveimur árum, nánar tiltekið í júní 1992. Steinn Ármann var beðinn um að hafa



útvarpsþátt og vildi hann hafa Davíð með sér vegna þess að þeir hafa alltaf verið að gera svo mikið saman og fannst honum Davíð passa best í þetta með sér. Til gamans héldu þeir eitt Radíuskvöld því þeir vissu ekki hvort þátturinn hefði einhverja hlustun og eftir það héldu þeir áfram.

*Af hverju kallið þið ykkur „Radíusbræður“ og hvernig kom það nafn til?*

Þegar þeir byrjuðu með þáttinn á Aðalstöðinni urðu þeir að finna sér eitthvert nafn á þáttinn sem varð að vera nógu hallærislegt en samt flott. Davíð hafði reyndar verið með þátt sem hét „Hornklofinn“ (nafn úr rúmfræðinni) en það nafn var ekki ofarlega á vinsældalistanum hjá þeim heldur voru það nöfnin „Radíus“ og „Sirkill“. Þeir voru nærri því búnir að auglýsa þáttinn sem „Sirkill“ en þá var

byrjað að auglýsa hann sem „Radíus“. „Sem var í rauninni í topplagi“, sagði Davíð. „Það var þessi tenging við orðið radio sem þýðir útvarp, sem var umgjörð þáttarins og það var svo seinna sem „bræður“ var svona nokkurn veginn klínt á okkur“.

*Eruð þið með sama „prógram“ núna og þegar þið byrjuðu í útvarpi?*

Þeir sögðu það vera sama húnorinn en þeir hafa prófað sig áfram með eitt og annað. Þessi útvarpsþáttur „Radíus“ var 3 klukkustunda langur með 5 flugum (radíusflugur, spaug). En þess á milli voru þeir með einhvers konar fróðleikskorn og eitt og annað og þar lugu þeir fólk fullt um eitthvað ákveðið mál efni og svo bara bulluðu þeir og spiluðu Elvis, sem var nokkurs konar þema þáttarins.

*Í sumar varst þú Davíð með þáttinn „Górrilluna“, hvernig kom það til?*

„Aðalstöðin bað okkur að vera með daglegan útvarpsþátt fyrir hádegi. Steinn var þá búinn að ráða sig í einhverja vinnu eða eitthvað, en ég hafði áhuga á því og var með mjög fastmótaða hugmynd af útvarpsþætti af þessu tagi. Ég talaði þá við Jakob Bjarnar en hann var með mér í þættinum „Hornklofinn“ í útvarpi Hafnarfjarðar og kom hann með sitt efni inn í þann ramma sem ég var kominn með. Aðalstöðin samþykkti að prófa þann þátt í mánuð og erum við núna búnir að vera tvö sumur“, sagði Davíð.

*Eins og alþjóð veit eruð þið einhverjir mestu „FH-ingar“ sem uppi hafa verið. Hver er ástæðan fyrir þessum áhuga?*

„Við erum náttúrulega Hafnirfirðingar og höldum með FH en erum ekkert þær týpur sem eru að fara á völinn við öll tækifæri. Við bara höldum með FH og ekkert meira en það. Að vera gallharður FH-ingur í útvarpsþætti finnst mér bara fyndið en undir niðri er mér nákvæmlega sama“, sagði Davíð og hló.

Við spurðum þá síðan hvort þeir væru geðgóðir og fyndnir að þeirra mati. Eftir að hafa horfst í augu kom það svar að þeir væru báðir fúllyndir menn að eðlisfari. Steinn væri fýlupúkinn en Davíð væri meira uppstökkuur. Þeir telja það að vera ekki geðgóður sé mikill plús í því að vera fyndnir. Það er ekkert fyndið að vera geðgóður. Davíð talar um að ef maður er svolítið negatífur út í lífið og tilveruna sjái maður betur fátan-



leikann í kringum mann heldur en að vera að ganga um með sólheimabros alla daga, en fyndnir finnst þeim þeir ekki vera.

*Finnst ykkur gaman að vera þekktir?*

„Já, stundum er þetta ágætt en þegar maður er stoppaður úti á götu eða á skemmtistað til að segja brandara getur þetta verið

frekar óþægilegt og pirrandi en maður lærir á þetta. Stundum er ágætt að vera þekktur t.d. ef maður er í banka og er ekki með persónuskilríki“, sögðu þeir.

*„En það er ekki alltaf sem fólk þekkir mann án skilríkja“, sagði Steinn.*

„T.d. lenti ég í því að vera á pósthúsi, ég var að leysa út ávísun og konan þekkti mig ekki því ég var ekki með skilríki og fór að segja „Steinn Ármann hérna, Radíus, þekkirðu mig ekki“.

„Nei“, sagði konan. „Ég er alltaf í sjónvarpinu“. „Nei, veistu ég horfi svo lítið á sjónvarp“, sagði konan. „Hefurðu séð Veggfóður“. „Nei“, sagði hún einu sinni enn“. „Svo var ég farin að leika helv.....Floridana Slimm auglýsinguna“

*Þegar þú Steinn Ármann lékst í myndinni Veggfóður, hvernig fannst þér persónan Sveppi?*

„Mér fannst Sveppi mjög skemmtilegur, þess vegna tók ég þetta hlutverk að mér bara af því að ég „kveikti á“ þessari persónu.

**Framhald á næstu síðu**

# RADÍUSBRÆÐUR

- FRAMHALD

*Gerid þið brandarana á staðnum eða eru þið með tilbúið „prógram“?*

„Við erum nú búnir að hugsa um þetta og safna að okkur bröndurum og það gerist alltaf eitthvað í leiðinni, það koma alltaf upp einhverjar nýjar hugmyndir. Við erum með beinagrind af því sem við ætlum að tala um og við vitum nokkurn veginn hvaða brandara við ætlum að segja. Svo kannski munum við eftir bröndurum sem passa vel inni og spilum voðalega mikið eftir eyranu“.

*Hvernig er sviðsframkomu ykkar háttað. Standið þið einir upp á sviði og talið í hljóðnemann eða labbið þið um salinn og fáid fólk til að taka þátt í spauginu með ykkur?*

„Við löbbum um salinn og gerum allan fjand....., við svívirðum áhorfendur, við höfum gengið lengst í því og við segjum bara allt ljótt sem okkur dettur í hug. Við vitum ekki til þess að fólk hafi borgað sig inn á skemmtun hjá nokkrum öðrum skemmtikröftum en okkur og þurft að sitja undir því allt kvöldið að vera kallaður hálfviti og auli“

*Tekur fólk því illa þegar þið gerið grín að því?*

„Nei, nei“, sögðu þeir báðir. „Ef þú ert kominn á Radíuskvöld þá ertu kominn í ákveðna stemmningu þar sem allt er látið flakka og ekkert er illa meint. Ef

þú tekur ekki gríni þá áttu ekki að fara á Radíuskvöld. Ef þú tekur ekki gríni þá ertu „týpan“ sem fer einu sinni á Radíuskvöld. Sem dæmi má nefna að einu sinni vorum við að skemmta á Akranesi. Þar voru tveir rúmlega þrítugir menn, og þeir



vissu ekki mikið um okkur og fóru að gjamma fram í og við tókum þá niður mjög snögg og snyrtilega. Þeir urðu reiðir og við urðum að fara og tala við þá eftir sýninguna.

*Nú vinnið þið mikið við sjónvarp og eruð að vinna í Dagsljósi. Finnst ykkur gaman að vinna við sjónvarp?*

„Við höfum náttúrulega báðir unnið lengi í sjónvarpinu, þá hinum megin við myndavélarnar í leikmyndadeild sjónvarpsins og þekkjum þess vegna til vinnubragðanna við að gera sjónvarpsþátt. Þessi starfsreynsla gagnast okkur mjög

mikið við að gera það sem við erum að gera núna. Eftir að Radíusdæmið var orðið meira en bara sumarvinna þá langaði okkur að vinna í sjónvarpi eitthvað út frá Radíus. Okkur hefur alltaf langað til að gera 20-30 mín. þætti eins og Spaugstofuna og fá þá einhverja myndna leikara með okkur“.

Við spurðum þá svo hvort þeir hafa eitthvað á móti ríkisstjórn landsins en þá brugðust þeir hinir verstu við og Davíð hélt ræðu yfir okkur um galla ríkisstjórnarinnar. (Við höfðum

hvorki pláss né tíma til að skrifa allt sem hann sagði).

*Hvernig finnst ykkur að skemmta á Akranesi?*

„Það er fínt, það er alltaf vel mætt upp á Skaga. Það kom okkur á óvart því við renndum svolítið blint í sjóinn með prógrammið. Við fáum kannski ekki sömu aðsókn og í Reykjavík. Við fáum 200-300 manns í Reykjavík en á 150-200 manns á Akranesi. Miðað við stærðarmuninn þá er þetta mjög gott. Í Keflavík erum við að fá 30-40 manns, í Grindavík 60-70 manns en við erum mjög ánægðir með Akranes. Þar hefur verið vel mætt og skapast góð

stemmning á þessum kvöldum og hafa flest þeirra orðið góð“.

*Hvað er eftirminnilegast úr leik ykkar sem „Radíusbræður“?*

„Einu sinni vorum við í Skíðaskálanum í Hveradölum að skemmta starfsfólki Seðlabankans en það var á því tímabili þegar jeppamálið var í hámmæli. (Jeppinn hans Jóns Sigurðssonar). Í fyrsta lagi þá höfðum við bara einn helv.... hljóðnema og einn lítinn gítarmagnara sem ekkert heyrðist í. Þannig að við bara hentum frá okkur hljóðnemanum og reyndum að öskra út í salinn. Þetta var afleitur salur, það heyrðist ekkert í okkur og við byrjuðum með einhverja jeppabrandara: „Hvað, hvar eru allir jepparnir“, og „nú

skiljum við af hverju þið haldið þetta í Skíðaskálanum í Hveradölum, nú það er til þess að geta notað jeppana. Þið verðið að hafa afsökun fyrir að vera á jeppunum. Meðalaldurinn á þessari samkomu var svona 60 ár og það var ekki hlegið neitt og við ruddum úr okkur prógraminu og komum okkur síðan burt.

*Eruð þið báðir lærðir leikarar?*

Steinn Ármann fór í leiklistarskólann en Davíð ekki, hann er með stúdentspróf og búinn að vera í Háskólanum í 2 ár að læra guðfræði.

*Skemmtið þið fyrir einhvern sérstakan aldurshóp?*

Við höfum dregið mikið úr þessum skemmtunum því við höfum haft svo mikið að gera. Við þurfum ekki að taka öllum þessum tilboðum sem okkur berast til að geta lifað. Í fyrra þræddum við allar félagsmiðstöðvar í bænum og flest alla menntaskóla. Menntaskólarnir eru allt í lagi, þeir eru okkar aldur en í félagsmiðstöðvunum eru fullungir krakkar fyrir okkar efni.

Að lokum spurðum við þá hvernig þeim þætti að þrír ungir „Skagamenn“ væru að taka viðtal við þá og þá sögðu þeir „okkur finnst það ýkt, ýkt böst, reif í sundur, reif í tætlur“.

## AKURNESINGAR!

Jólasmaakökurnar, bakaðar úr hreinu íslensku smjöri.

Munið okkar frábæru laufabrauð, seld bæði steikt og ósteikt

Óskum Akurnesingum

gleðilegra jóla

og þökkum viðskiptin í gegnum tíðina

*Harðarbakarí*

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKTU  
ÚTGÁFU BLAÐSINS OG ÓSKA LESENDUM  
GLEÐILEGRA JÓLA!

AXEL SVEINBJÖRNSSON  
S: 11979

OLÍS  
S: 11163

BÓKASKEMMAN  
S: 12840

BLÓMARÍKIÐ  
S: 12822

KROSSVÍK  
S: 14050

HARALDUR .  
BÖÐVARSSON HF.  
S: 11800

AKRASPORT  
S: 11095

HÁRSTÚDÍÓ JÓNU  
S: 14520

TRÆÐARBAKKI  
S: 11986

LANDSBANKINN  
S: 12333

SKÓVINNUSTOFAN  
S: 12250

PÍPULAGNIR KARVELS  
S: 13202


MYNDSMIÐJAN  
S: 14070

VÁTRYGGINGA-  
FÉLAGIÐ  
S: 13388

BÓKAVERSLUN  
ANDRÉASAR NÍELSSONAR HF.  
S: 11855

LJÓSMYNDASTOFA  
AKRANESS  
S: 12892

# GARNAGAUL



## Spekingurinn

Jólin koma bara einu sinni á ári.  
Gott að ég er ekki jólin.

## Um karl og konu

Karl án konu er eins og höfuð  
án verkja.

## Skrið á spegil

Við biðjumst velvirðingar á tak-  
mörkuðum myndgæðum!

## Sjálfsálit

Karlmaður, sem leynir engu  
fyrir eiginkonu sinni, á annað  
hvort ekkert leyndarmál eða  
enga eiginkonu.

## Heimanám

Kennari: „Hvernig stendur á því  
að öll heimaðæmin þín eru  
rétt?“  
Nemandi: „Pabbi er ekki  
heima.“

## Nóg úrval

Ég átti vinkonu sem auglýsti  
eftir eiginmanni í dagblaði.  
Hún fékk mörg hundruð svör  
sem í stóð: „Þú mátt fá minn“.

Lorne Michaels




Ég er hætt að vera svona mont-  
in, ég er það fullkomin.

## Hver þá?

Þeim sem guð gaf ekki heila,  
gaf hann kylfu, flautu og  
stjörnu.

Rakari: „Hef ég ekki rakað þig  
áður?“

Viðskiptavinur: „Nei, ég fékk  
þetta ör í Frakklandi“.



## Hjá dómáranum

Dómari: „Svo þú braust reg-  
nhlíf á höfði mannsins þíns.  
Hvað hefur þú þér til máls-  
bóta?“ Ákærða: „Þetta var  
slys“. Dómari: „Hvernig gat  
þetta verið slys?“  
Ákærða: „Ég ætlaði ekki að  
brjóta regnhlífina.“

Amma Rauðhettu liggur í rúmi  
sínu þegar úlfurinn ræðst inn.  
„Láttu mig fá alla peningana  
þína,“ urrar hann og sýnir tenn-  
urnar.  
„Ekkert kjaftæði,“ segir  
amman og dregur skambyssu  
undan rúminu. „Þú étur mig  
eins og stendur í bókinni.“

## Obs!

Þú þarft ekki að leita að skríttlu á  
veggnum.

Þú heldur á einni!

Karlablósett

Það er of seint að byrgja barinn  
þegar barnið er dottið í það.

## Skilgreining

Fjölskylda nokkur fór eitt sinn í  
sunnudagsbílúr og fór  
strákurinn að spyrja mömmu  
sína um ýmislegt varðandi  
bílinn. Svo spurði hann:  
„Mamma, hvaða hluti bílsins  
veldur mestum skaða?“ Þá  
hvæsti mamman: „Sá, sem held-  
ur um stýrið“.



## Sjón er sögu . . . .

„Í hvað fara allir matarpening-  
arnir?“ spyr hann.  
„Ef þú vilt endilega vita það þá  
skaltu snúa þér á hlið og horfa í  
spegil,“ segir hún.

## 2x

Frú Hanna: Man maðurinn þinn  
eftir giftingarafmælinu ykkar?  
Frú Jóna: Nei, ég minni hann á  
það í janúar og júní og fæ því  
tvær gjafir.



## Kæri Siggi sáli!

Ég á við smá vandamál að stríða eða ekki smátt heldur frekar stórt.

Í hvert skipti sem ég fer í skólann lendi ég í þeirri óþægilegu aðstöðu að rekast á kvenmann. Þú mátt ekki halda að ég sé hins veginn eða neitt svoleiðis, síður en svo, en ég bara svitna svo hræðilega mikið þegar ég rekst á kvenmann.

Ég get nefnt dæmi: Fyrir rúmum mánuði eða svo kom ég að vanda í skólann kl.8.00. Ég fór í tíma og allt var í lagi þar, ég svitnaði ekki neitt þó svo að ég sæti hjá stelpu sem ég kalla bara DV. Tíminn leið og enginn sviti braust fram. En skyndilega fékk ég þennan líka verk í handarkrikann og þá byrjuðu droparnir að detta. Ég rennsvitnaði, peysan, buxurnar og hárið allt þetta var orðið gegnsósa af svita. Ég hugsaði bara: „Ekki finna lykt, ekki finna lykt af mér“, en því miður varð raunin ekki sú. Því nú heyrðist frá stelpunni (DV) sem sat við hliðina á mér: „Hver var að koma úr fjósinu“?

Ég roðnaði alveg í skít. Allir krakkarnir litu nú á mig, ég stökk upp á borð og út úr stofunni og heim grenjandi. Hvað á ég að gera? Mamma sagði að ég ætti að kaupa hlutabréf í svitalyktareyðisverksmjú í Kaupmannahöfn. Gerðu það hjálpaðu mér.

Einn „SVEITTUR“

Einn „sveittur“: Ég hef fundið lyktina af þér. Gerðu mér og sjálfum þér greiða yfirgefðu þennan skóla.

Kær kveðja Siggi (good smell)

# Ritgerð 8 ára drengs

Amma er kona sem á engin börn sjálf, svo henni þykir vænt um litla drengi og stúlkur sem aðrir eiga.

Afi er karlkyns amma. Hann fer í gönguferðir með litla drengi og þeir tala um traktora og veiðiferðir.

Ömmur hafa ekkert að gera annað en vera til. Þær eru gamlar svo þær ættu ekki að leika sér eða hlaupa hratt.

Þær segja aldrei „Flýttu þér“.

Þær eru oftast feitar en ekki of feitar til þess að hnýta skóreimarnar hjá krökkum.

Þær eru með gleraugu og klæðast skrýtnum nærfötum og þær geta tekið út úr sér tennurnar og gómana.

Ömmur þurfa ekki að vera neitt gáfaðar, bara að svara spurningum um hvers vegna hundar eiga ekki ketti og afhverju Guð sé ekki giftur.

Þær tala ekki smábarnamál við mann eins og gestir gera.

Þegar þær lesa þá hlaupa þær ekki yfir og þeim er alveg sama þó þær lesi sömu söguna aftur og aftur.

Allir ættu að eiga ömmu, sérstaklega ef maður á ekki sjónvarp því þær eru þær einu sem hafa tíma.

Þýtt úr ensku: Ásgerður Ingimarsdóttir.

# Við hvern geturðu talað um málefnið sem eru ekki á stundatöflunni?



Kynsjúkdómar  
Getnaðarvarnir  
Ofbeldi á heimili  
Sjálfsmynd  
Feimni  
Reykningar  
Skilnaður foreldra  
Vanlíðan  
Samskipti við fulloröna  
Nauðgun

Einmanna  
Tilfinningar  
Ástin  
Vandamál tengd skóla  
Áfengi  
Kynlíf  
Sektarkennd  
Sjálfsvígshugleiðingar  
Vinnaleysi  
Stríðni

Ofbeldi á skólalöðinni  
Sifjaspell  
Áfengisneysla foreldra  
Likaminn  
Fikniefni  
Strákavandamál  
Hræðsla  
Gleði  
Útivistarreglur  
Blæðingar

Pungun  
Söknuður  
Sorg  
Fostureyðing  
Bólur  
Stelpuvandamál  
Einelti  
Missætti við vini  
Einbeitingarleysi  
Kynferðisleg áreitni

Ef þú hefur áhyggjur af þessum málum eða öðrum getur þú hringt eða komið og talað við okkur í algerum trúnaði. **Rauðakrosshúsið er neyðarathvarf** fyrir börn og unglinga. Þar er rekin **símaþjónusta allan sólarhringinn** þar sem þú getur leitað ráða. **Þú þarft ekki að segja til nafns.**

**RAUÐAKROSSHÚSIÐ**  
Tjarnargötu 35, 101 Reykjavík  
Grænt símanúmer  
**99 66 22**  
Opíð allan sólarhringinn  
+ Rauði kross Íslands

# HEIMILI OG SKÓLI

Heimili og skóli . . . margir foreldrar halda líklega að það séu samtök sem kenna foreldrum að ala upp börnin sín, og unglingar segja að það sé verið að yfirheyra foreldrana um útvistarreglur og unglingavandamál. En annað kom á daginn þann 5. október er Unnur Halldórsdóttir lýsti unglingum, foreldrum og hinu svo kallaða unglingavandamáli.

Að eiga ungling er heljarinnar vinna, það er næstum eins og að læra umferðarreglur, það má ekki fara yfir á rauðu . . . og auðvitað að stoppa þar sem á að stoppa og ekki fara feti lengra. Annað sem að foreldrar verða að gera er að standa saman og vera sjálfstæð. Til dæmis kannast líklega margir foreldrar við það þegar unglingurinn kemur til þeirra og segir: „Mamma/pabbi má ég fara á ballið í kvöld“, þá segir foreldrið kannski „NEI“, og þá bregst unglingurinn oftast þannig við „Siggi má fara, af hverju ekki ég“. En ef foreldrið



grennslast fyrir um það hjá mömmu og pabba Sigga þá hefur Siggi kannski sagt það sama við mömmu sína og pabba. Svona spila þau inn á foreldrana.

Svo að við víkjum að öðru þá lagði Unnur mikla áherslu á að foreldrar ættu að vera dálítið forvitnir um hvað barnið er að gera, það er alveg sama hvað barnið hefur góðan kennara, það ber ekki árangur ef að foreldrar

**„... Foreldrar verða að vera sjálfstæðir og standa saman“**

láta ekki börnin sín t.d. lesa eða læra heima. Kennarinn ber ekki einn ábyrgð á velgengni barns í skóla. Það stendur í lögum að foreldrar eigi að bera ábyrgð á börnunum sínum, og það stendur líka að skólinn og heimilið eigi saman að koma börnunum til þroska.

Einsetinn skóli var mikið til umræðu og voru flestir á einu og sama máli um að einsetinn skóli væri það sem koma skal. Einsetinn skóli er það þegar

börnin geta byrjað á sama tíma í skólanum og hver bekkur hefur eina skólastofu. Ekki er verið að tala um að börnin séu stanslaust frá klukkan 8-17 í skólanum á daginn og ekki heldur að barnið sitji á sama stólnum



**„svo hægt sé að gera hluti betur“**

allan daginn. Einsetinn skóli er í rauninni rammi með fleiri kennslustundum svo hægt sé að gera hlutina betri og fjölbreyttari en í dag, skólinn hefur ekki lengur tíma.

Að loknum fyrirlestri flutti Unnur frumsamið lag sem hét Félagsmálaraunir barnanna. Ritnefnd tók sér það Bessaleyfi að birta textann.

Textinn er um það þegar foreldrar eru eins og útskýtt hundskinn að rækta sjálfa sig en blessuð börnin eru einhvers staðar í reiðileysi.

*Félagslíf er fjölbreytt hér í sveitum þeir finna hvergi betra þótt við leitum alla daga er eitthvað um að vera ja, þau lifandis ósköp sem fullorðna fólkið sýnist hafa að gera.*

*Krakkarnir sem koma heim úr skóla hvergi sjá á foreldrunum bóla skilaboðin sem skrifuð eru á diskinn „Siggi minn ég skrapp í ljós og gufu, vertu nú þægur og hitaðu upp fiskinn“. „Hvar er pabbi hvert hefur hann farið?“ Á korktöflunni blasir við þeim svarið, á þriðjudögum þjálfar hann kirkjukórinn og þá vita börnin að þau eiga að fara út í fjós og sópa og gefa og umfram allt að klára að moka flórinn.*

*Ef Solla hringir segðu að ég sé farin og sennilega verði ég við barinn. Ef Maggi kemur máttu ekki gleyma að skila til hans voða góðri kveðju og segja honum að á sunnudaginn á milli 3 og 5 verða bæði mamma og pabbi heima.*

*Því leikfimi og Lionsklúbb þau stunda um lífsins gögn og nauðsynjar þau funda. Í skipulags- og skólanefndum mæta og í alls konar ráðum og stjórnnum og guð má vita hvað, þau hagsmunanna gæta.*

*Því uppeldið má annast bara á hlaupum til afþreyingar video við kaupum. Börnin þegja og það er fyrir mestu að við fullorðna fólkið förum á foreldrafund úti í skóla til þess að ræða um það sem er börnum fyrir bestu.*

## KÆRI SIGGI SÁLI!

Kæri Siggi!

Ég er í svakalegri klípu. Það liggur þannig í málunum að ég er hrifin af strák sem við skulum kalla A. En A er með stelpu sem við skulum kalla B. Einn myndarlegasti strákurinn í skólanum (C) er rosalega hrifinn af mér og þannig var líka með D,E,F og G. Nú er G í leynilegu ástarsambandi við B og A við aðra stelpu (H). Ég á erfitt með svefn vegna þess að ég veit að F og A voru einu sinni saman og líka D og G. H var með enn einum (I) og líka stelpu (J). Síðan var J með E en E hélt framhjá með F. J komst að þessu og lamdi E sem var bróðir F. Áður en ég varð hrifin af A var ég með æðislegum strák (K) en K fór að vera með J. É veit ekkert hvað ég á að gera. Gerðu það hjálpaðu mér. Ein í vanda.

Kæra „Ein í vanda“!

Þú átt við sjúklegt vandamál að stríða. Hættu að skipta þér af öðrum. Þú ert alvarlega veik og ert í hræðilegu kasti. Það er aðeins eitt til ráða.

**FARÐU Í SUND!!**

R.I.P. SIGGI

# „VAR ALGJÖR VANDRÆÐAGEMLINGUR“

segir leikkonan Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir

Við hittum Steinunni Ólínu í Þjóðleikhúsinu á köldum miðvikudegi í nóvember eftir hálf tíma bið í anddyri þess. Ekki grétum við það því að a.m.k. 13 frægir menn gengu framhjá og voru miskurteisir. Eftir mikið glens og gaman kom hún loks og bauð okkur inn í eina reykingaherbergið á annarri hæð.



Steinunn Ólína er fædd 2. júlí 1969 og er því krabbi og rísandi sporðdrekki sem eru tilvísun á tilfinningalíf sem stundum líkist rigningarnótt í Norður-Atlantshafinu. Hún býr ein í miðbænum en eyðir litlum tíma heima hjá sér. Steinunn hefur ekki tekið bílpróf og segir að það sé jafn dýrt að reka bíl og

að taka leigubíla eða ferðast með strætó.

Leikferill Steinunnar hófst þegar hún var þriggja ára með leik í útvarpsleikriti. Hún segir að það að vera leikari sé bæði gaman og erfitt í senn. Hún ákvað mjög ung að gerast leikari en hún hefur aldrei haft áhuga á neinu öðru. Þegar hún var sautján ára tilkynnti hún foreldrum sínum að hún ætlaði að fara utan í leiklistarskóla. Drama Center í London varð fyrir valinu og segir hún það hafa verið

afdrifaríka reynslu. Hún kom aftur heim til Íslands árið 1990, þá tuttugu og eins árs. Þá „debuteraði“ hún sem Sólveig í Pétri Gauti og lék einnig hlutverk Lísu í Söngvaseiði. Síðan lék hún í Blóðbrullaupi, My fair lady, sjónvarpsþáttunum Sigla himinfley, Fávitanum, Land míns föður og um þessar

mundir er hún að leika í Sönnum sögum, Snædrottningunni, Hárinu og Gauragangi. Henni finnst voða gaman að vera leikari og segir mikið fjör að leika í Hárinu. Hún er haldin miklum sviðsskrekki og er alltaf að drepast úr stressi fyrir sýningar. Í vetur hefur verið sérstaklega mikið að gera hjá Steinunni og hún hefur æft á hverjum degi. Það neyðarleg-asta sem hefur komið fyrir hana var þegar hún var að leika í Land míns föður. Þá var hún í rólu í tveggja metra hæð og var að syngja. Fyrir neðan stóðu tveir strákar sem voru að leika hermenn. Allt í einu datt hún á gólfíð og heyrðist mikill dynkur eða eins og hún lýsti því hljómaði það



eins og hún hafi verið 700 kíló. Á meðan á öllu þessu stóð hélt hún áfram að syngja og var þetta allt nett neyðarlegt. Steinunn finnur ekki fyrir því að fólk taki henni öðruvísi vegna þess að hún sé leikari og hún vonar að fólk sé ekki að stimpla hana sem sömu persónu og hún er að leika.

Við spurðum Steinunni hvort henni fyndist unglíngarnir í dag vera öðruvísi en þegar hún var unglíngur. Hún sagðist hafi verið að skemmta unglíngum t.d. í

„Að drepast úr stressi fyrir sýningar“

Tónabæ og finnst henni unglíngur í dag vera mun stilltari en þegar hún var ung. Hún segist sjálf hafa verið vandræðagemlingur og fór hún að heiman tæp-lega fimmtán ára gömul. Þessa dagana er mikið að gera hjá Steinunni Ólínu og kemst lítið annað en leiklistin að hjá henni. Hinn „týpiski“ dagur hjá Steinunni er þannig að hún fer á fætur kl.9:45, hleypur niður í Þjóðleikhús þar sem hún á að vera mætt á æfingu kl 10:00. Hún æfir stanslaust til kl.16:00 og fær þá þriggja tíma frí. Í frítímanum fer hún oftast út að borða eða slappar af á kaffihúsi. Kl.19:00 hefjast síðan sýningar. Eftir sýninguna fer hún svo t.d.

„Hræðilega geðvond á morgnana“

út með vinum sínum og fær sér í glas eða annað þvúmlíkt. Steinunn er komin heim til sín um miðnætti og fer þá að gera hin hefðbundnu heimilisstörf (ef hún nennir), þvo, taka til og slappar af í baði, fær sér kannski góða bók og sofnar um fjögur-fimm leytið.

Steinunn segir sig vera trúaða

en er hvorki skírð né fermd og sækir ekki kirkju en hún segir jafnframt að það sé hægt að trúá án þess að fara í kirkju.

Í fyrirasumar fór Steinunn til Vestmannaeyja að leika í sjónvarpsþáttunum Sigla himinfley og heillaðist hún mjög af Vestmannaeyjum, fór á þjóðhátíð og segist hafa fengið algera unglíngaveiki. Við spurðum hana hvort það hefði ekki verið erfitt að koma fram nakin „Það var viðbjóðslega erfitt, en ég segi bara að þetta hafi verið rassinn á Þráni



(Þráinn Bertelsson),“ sagði hún og brosti þannig að spékopparnir komu greinilega í ljós.

Steinunn Ólína telur aðalkosti sína vera þá að hún er vinnuþjarkur og glaðlynd en ókostina þá að hún er alger náttþrafn og hræðilega geðvond á morgnana, auk þess sem hún er fljót að reiðast. Aðal ókostir við að vera leikari eru óreglulegur svefn vegna mikillar spennu eftir sýningar og ef hún færi út með vinum sínum þá talaði hún ekki um annað en leiklist og leiddi það til þess að flestir vinir hennar eru leikarar. Hún hefur aldrei átt neina uppáhalds leikara eða

hljómsveitir þrátt fyrir að hún dái marga og gat hún ekki sagt til um hvort það sé einhver sérstök persóna sem hún hefur sem fyrirmynd.

En hvað kom svo til að Steinunn fór að leika í Hárinu?

„Það var frí hjá mér og því engar æfingar og þess vegna var haft samband við mig fyrir hlutverkið, og nú er ég í einni til tveim sýningum á Hárinu í viku“ sagði hún.

Það sem þarf að gera til að verða leikari er að fara í inntökupróf og hún ráðleggur

þeim sem vilja verða leikarar að fara í leikhús.

Þegar hingað var komið var herbergið orðið fullt af fólki sem var alveg að fara á taugum og húðskammaði Steinunni greyið fyrir að hafa farið með unglíngana í eina reykingaherbergið á hæðinni. Við ákváðum að láta þetta gott heita og spurðum hvort hún vildi segja eitthvað að lokum.

„Ég bið að heilsa öllum í Grundaskóla,“ sagði hún og þakkaði svo fyrir þægilegar spurningar.

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKTU  
ÚTGÁFU BLAÐSINS OG ÓSKA LESENDUM  
*GLEÐILEGRA JÓLA!*

TRÉIÐJA AKRANESS HF.  
S: 14260

HJÓLBARÐAVIDGERÐIN  
SF.  
S: 11777

SMURSTÖÐ AKRANESS  
S: 12445

HÁRSTOFAN  
STILLHOLTI  
S: 14002

OLÍSNESTI  
S: 11650

SENDLINGUR SF.  
S: 14560

VÉLAVERKSTÆÐI  
GUÐLAUGS KETILSSONAR  
S: 12296

LANGISANDUR  
S: 13191

SJÓVÁ-ALMENNAR  
AKRANESUMBOÐ  
S: 12800

VÉLSMIÐJA  
ÓLAFS R. GUÐJÓNSSONAR  
S: 13022

TUNGUSÓL  
S: 12735

MAGNÚS EINARSSON  
HEILDSALI  
S: 13350

AKRABLÓM  
S: 11771

BLIKKSMIÐJA  
GUÐMUNDAR HALLGRÍMSSONAR  
S: 12288



*Hefur þú  
upplýsingar um  
ólöglega  
áfengis- eða  
eiturlyfjasölu?*

*Tilkynningasími  
lögreglu er:*


**1 16 70**

MEIRIHÁTTAR  
JÓLAFÖT

FRÁBÆRT  
ÚRVAL

**ROXY**  
KIRKJUBRAUT 2 -13308

ALLT  
Í  
JÓLAFÖNDRIÐ



  
HALLUR BJARNASON, MÁLARAMEISTARI  
**MÁLNINGARBÚÐIN**  
KIRKJUBRAUT 40 - SÍMI 93-12457 - 300 AKRANES

GEISLADISKAR


**BESTA ÚRVALIÐ**

*Munið 10%  
skólaafsláttinn*

Mikið úrval af  
geisladiskastöndum frá  
kr. 1200

HLJÓMSÝN  
VESTURGÖTU 48 - S: 14074

OK - 19



FJÄRMÁLIN ÞÍN ERU Í ÖRUÐGUM  
HÖNDUM HJÁ OKKUR



ÍSLANDSBANKI

KIRKJUBRAUT 40 - AKRANESI - SÍMI 13255

Grundaskóli



16758190